

## Viðmiðunartilboð Símans um aðgang til endursölu og sýndarnetsaðgang að farsímaneti sínu – Samráð við hagsmunaaðila

Póst- og fjarskiptastofnun barst í maí sl. afrit af viðmiðunartilboðum Símans um sýndarnetsaðgang og endursöluaðgang að farsímaneti fyrirtækisins.

Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 5. febrúar 2007, *Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu Símans með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum* (markaður 15), var Síminn hf. útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk á m.a. eftirfarandi mörkuðum:

- Heildsölumarkaði fyrir aðgang til endursölu í almennum farsímanetum
- Heildsölumarkaði fyrir aðgang fyrir sýndarnet í almennum farsímanetum

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar innihélt einnig nánar tiltekna kvaðir á Símann í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga. Ein af þeim kvöðum sem lagðar voru á Símann var að fyrirtækið skyldi verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að farsímaneti sínu til endursölu og fyrir sýndarnet, sbr. 28. gr. fjarskiptalaga (b og f-lið 2. mgr.). Um þennan aðgang gildir einnig kvöð um jafnræði, sbr. 30. gr. fjarskiptalaga, kvöð um gagnsæi, sbr. 29. gr. fjarskiptalaga, kvöð um bókhaldslegan aðskilnað, sbr. 31. gr. fjarskiptalaga og kvöð um eftirlit með gjaldskrá, sbr. 32. gr. fjarskiptalaga. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá var skilyrt á þann hátt, að ekki var kveðið á um skyldu Símans til að kostnaðargreina verð fyrir aðgang að farsímaneti sínu til endursölu og fyrir sýndarnet að svo stöddu en stofnunin áskildi sér hins vegar rétt til að leggja skyldu á Símann um að kostnaðargreina verð, ef að ákvörðun verðs samkvæmt smásölu mínus aðferðinni bæri ekki fullnægjandi árangur.

Áður en stofnunin tekur afstöðu til þess hvort að þau viðmiðunartilboð sem nú hafa verið birt af hálfu Símans, uppfylla þær kvaðir sem getið er um hér að ofan, sem og hvort það samrýmist ákvæðum fjarskiptalaga að öðru leyti, óskar stofnunin eftir afstöðu yðar til viðmiðunartilboðsins. Frestur til að koma að athugasemdum er gefinn til **21. júlí n.k.**

Ofangreind viðmiðunartilboð eru aðgengileg á heimasíðu Símans undir slóðinni:

<http://www.siminn.is/fyrirtaeki/samtengingar/>

- [Viðmiðunartilboð fyrir sýndarnetsaðgang](#) (PDF, 139 KB)
- [Viðmiðunartilboð fyrir endursöluaðgang](#) (PDF, 85 KB)

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu Símans með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15) er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar á slóðinni:

[www.pfs.is](http://www.pfs.is) ([Ákvörðun PFS ásamt viðaukum og fylgiskjölum](#)).

Óskað er eftir að umsagnir, athugasemdir og/ eða ábendingar verði sendar á rafrænu formi á póstfangið [ingahelga@pfs.is](mailto:ingahelga@pfs.is) en jafnframt er óskað eftir að fá send frumrit til skráningar.

Reykjavík, 12. júní 2008